



Úti er alltaf að snjóa

Snjóþunginn á Suðurlandi um þessar mundir dylst engum og hefur gert ansi mörgum erfitt yfir hátíðarnar. Víðast hvar hefur fólk þurft að ferðast fótgangandi milli húsa á miðjum vegi því ekki hefur náðst að hreinsa gangstéttir. Það er þó augljóst að margt snjómokstursfólk hefur fórnað góðum part af jólahátíðinni með fjölskyldunni, undir stýri stórtækra vinnuvéla, til þess að létta undir með íbúum og eiga þau ómældar þakkir skilið fyrir það óeigingjarni starf.



Móberg á Selfossi er fallegasta nýbygging á Íslandi

Heiðursverðlaun og Skelfingar meðalífa Arkitektúr- og uppveisnarinnar eru fyrstu arkitektúrverðlaunin á Íslandi þar sem almenningur fær alfarið að ráða lokaniðurstöðunni.

Sigurvegari Heiðursverðlauna Arkitektúr- og uppveisnarinnar í ár er Móberg á Selfossi með 54,2% atkvæða. Í öðru sæti er Hverfisgata 88 í Reykjavík með 16,0% atkvæða. Í þriðja sæti er

Hotel Reykjavík Saga í Reykjavík með 11,3% atkvæða.

Sigurvegari Skelfingar meðalíunnar er Hallgerðargata 13 í Reykjavík með 34,7% atkvæða. Í öðru sæti er Hringhamar 7 í Hafnarfirði með 22,7% atkvæða. Í þriðja sæti er Álalækur 1-3 á Selfossi með 10,8% atkvæða.

Um þrjú þúsund manns tóku þátt í kosningunni. *HGL*

Tveir hópar göngufólks villtust

Mikið hefur mætt á björgunarsveitum landins síðustu daga. Snjóþungi hefur spilt færd víða um land og fjöldi fólks lent í vandræðum með að komast á milli staða.

Samkvæmt frétt Sunnlenska.is voru Björgunarsveitir kallaðar út að kvöldi jóladags í aftakveðri til leitar í að tveimur hópum gangandi fólks sem hafði villst af leið sinni til baka á hótél í Mýrdalnum. Kallaður var út liðs- auki í formi snjóbíla og mikið breyttra bíla frá björgunarsveitum í Árnessýslu og frá höfuðborgarsvæðinu.



Mynd: Víkverjar.

Fólkið gat ekki gert grein fyrir staðsetningu sinni í samtali við Neyðarlínuna en á nýnda tímanum voru allir fundnir heilir á húfi.

Síðan á aðfangadag hefur mikil ófærð verið á svæðinu og margir ekki komist leiðar sinnar.



FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is

Þökkum fyrir
viðskiptin á árinu
sem er að líða



PIPULAGNIR Háheiði 10, Selfossi
SUÐURLANDS S. 699 1985 / 823 6656

Landsvirkjun og Landeldi gera 20 MW grænan raforkusamning

Landsvirkjun og Landeldi hf. hafa samið um sölu og kaup á allt að 20 MW raforku til nýrrar laxeldisstöðvar Landeldis í Þorlákshöfn. Viðræður hafa staðið yfir frá því 2021. Endurnýjanleg orka er lykill að sjálfbærri framleiðslu fyrirtækisins, sem jafnframt nýtir jarðsjó og ferskvatn við starfsemi sína.

Fjölbreytni í matvælaíðnaði

Samningurinn ber nýjum áherslum í orkusölu Lands-

virkjunar vitni, en fyrirtækið hefur lýst því yfir að ein af megináherslum næstu ára þegar kemur að raforkusölu verði nýsköpun sem krefst orku og eykur fjölbreytni atvinnulífs, m.a. í matvælaíðnaði.

Að sama skapi fellur samningurinn að markmiði Landeldis um sjálfbæra matvælaframleiðslu, jákvæðu vistspori og verndun sjávar. Á vatnstöku-svæði fyrirtækisins í Þorlákshöfn hefur fyrirtækið aðgang að ferskvatni og jarðsjó við

kjörhitastig allt árið um kring. Náttúruleg hraunsíun sjávarins í gegnum ung jarðlög hreinsar sjóinn, jafnar hitann og skapar hagfelldar aðstæður fyrir laxeldisstöð. Lax frá Landeldi getur ekki sloppið út í náttúruna og ógnað villtum laxastofnum.

Raforkusamningur fyrirtækjanna kveður á um allt að 20 MW af afli, en afhending orkunnar eykst í áföngum eftir því sem laxeldisstöðin stækkar á næstu árum. Orkan verður afhent úr núverandi orkukerfi, en



Halldór Ólafur Halldórsson stjórnarformaður Landeldis og Hörður Arnarson forstjóri Landsvirkjunar staðfestu raforkusamning fyrirtækjanna á athafnasvæði Landeldis í Þorlákshöfn.



Starfsmenn Landeldis og Landsvirkjunar komu saman á athafnasvæði Landeldis, í tilefni undirritunarinnar.

fyrirhuguð aukin orkuvinnsla á Suðurlandi mun skjóta sterkari stoðum undir afhendingu hennar. Landeldi kaupir jafnframt upprunaábyrgðir með raforkunni, enda hyggst fyrirtækið selja vörur sínar á erlendum mörkuðum og sér hag í að vísa til grænu, endurnýjanlegu orkunnar sem notuð er við framleiðsluna.

Græn orka fyrir sjálfbæra verðmætasköpun

„Græna orkan okkar er afar eftirsótt auðlind og orkufyrirtæki þjóðarinnar vill forgangsraða orkusölu til verkefna sem styðja við verðmætasköpun og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda. Laxeldisstöð Landeldis er einmitt slíkt verkefni. Við hjá Landsvirkjun erum spennit fyrir framhaldinu, þessari ein-

stöku nýsköpun sem jafnframt er fyrsti stórnotandinn á helsta orkuvinnslusvæði okkar á Suðurlandi,“ segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar.

„Samningurinn við Landsvirkjun er undirstaða okkar starfsemi. Landeldi í Þorlákshöfn er framsækið nýsköpunarverkefni og í samningnum felst viðurkenning á vegferð okkar í að bæta hringrásarhagkerfið. Jafnframt ber samningurinn og stærð hans vott um vel nýtt samkeppnisforskot sem við Íslendingar búum að í umhverfisvænni sjálfbærri raforku. Lax Landeldis er holl og góð vara, sjálfbær matvælaframleiðsla og svarar kallinu eftir auknu matvælaöryggi,“ segir Halldór Ólafur Halldórsson, stjórnarformaður Landeldis.

Endurmenntun á fagsviðum Græna geirans

Bændasamtök Íslands og Fjölbreyttaskóli Suðurlands – Garðyrkjuskólinn á Reykjum (Endurmenntun Græna geirans) hafa gert með sér samkomulag um samstarf í fræðslu á sviði garðyrkju, umhverfismála og skógræktar.

Í samkomulaginu felst að Endurmenntun Græna geirans heldur námskeið á ofangreindum fagsviðum í samstarfi við BÍ og deildir innan BÍ tengdar græna geiranum. Markmiðið er að stuðla að sí- og endurmenntun bænda með námskeiðahaldi og fjölbreyttri fræðslu, bæði með stökum námskeiðum og námskeiðaröðum.

Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtakanna og Olga Lís Garðarsdóttir, skólameistari FSu hittust á Selfossi og skrifuðu undir samkomulagið.



BÆKUR BJÖRNS RÚRIKSSONAR



FLOGIÐ AFTUR Í TÍMANN
Forvitnileg og stórskemmtileg bók um allar byggðir á Suður- og Suðvesturlandi. Víða eru sömu svæði skoðuð og borin saman, nú og fyrir hartnær hálfri öld.

Einnig eru mjög fallegir kaflar um náttúruna, sérstaklega um dramatíska hörfun jökla á Suðurlandi um sama árabíl.

Verð 6.900 kr.



YFIR ÍSLANDI

Þessi glæsilega og klassíska bók fjallar um furður náttúrunnar á öllu landinu og jarðfræðileg og landfræðileg undir þess. Bókin er afkrakstur 700.000 km ljósmyndaflugs - sem er heil tunglferð fram og til baka!

Verð 4.990 kr.



ICELAND FROM ABOVE

Lítill bók með sama efni á ensku.

Verð 1.990 kr.

SÖLUSTAÐIR Á SUÐURLANDI

Verslun Föðurböndunnar á Selfossi (gegn Mjólkurbúinu við Austurveg),
Verslanir Pennans / Eymundssonar á Selfossi og um land allt.

JARÐSÝN BÓKAÚTGÁFA, SELFOSSI



Hátíðarkveðjur

Íslendingar eiga kost á fullum orkuskiptum þar sem græna og endurnýjanlega orkan okkar leysir bensín og olíu að fullu af hólmi.

Orkufyrirtæki þjóðarinnar ætlar að stuðla að þessum orkuskiptum, enda er framtíðarsýn okkar sjálfbær heimur knúinn endurnýjanlegri orku. Við ætlum áfram að hámarka verðmæti þeirra endurnýjanlegu orkulinda sem Landsvirkjun er trúað fyrir, með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi.

Við tökum vel á móti framtíðinni.



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is

Standandi lófatak gestanna dýrmæt hvatning

Framundan eru Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar en jólatónleikar hljómsveitarinnar gefa fyrirheit um farsælt framhald á tónleikahaldi hennar.

Á þriðja hundrað tónleikagesta fylltu Selfoskirkju á jólatónleikum hljómsveitarinnar þann 10. desember síðastliðinn.

„Þeir tókust frábærlega. Það er ekki hægt að hafa neitt annað orð yfir það,“ segir Guðmundur Óli Gunnarsson hljómsveitarstjóri um tónleikana. Óhætt er að segja að viðburðurinn, þar sem 50 manna hljómsveit, þrjú kórar og tveir einsöngvarar komu fram, hafi verið meiriháttar í menningarlegu tilliti á Suðurlandi.

Standandi lófatak

„Aðsóknin kom ekki á óvart en vissulega var mjög gleðilegt að sjá setið í hverju sæti og líka í öllum þeim sem þurfti að bæta við“ segir Guðmundur Óli. „Það er ekki hægt að fara fram á meira en langvarandi standandi lófatak og einstaklega falleg ummæli tónleikagesta að tónleikum loknum“. Það sé hvatning sem sé hljómsveitinni mjög dýrmæt.

Tímamót

„Þessir tónleikar mörkuðu tímamót í uppbyggingu hljómsveitarinnar og með þeim sýndum við fram á að það er mögulegt að halda tónleika af miklum listrænum metnaði með stórrí sinfónískri hljómsveit; Sinfóníuhljómsveit Suðurlands, og skapa með starfi hennar nýjan veruleika í menningarlífi Suðurlands, bæði fyrir tónlistarfólk af öllu tagi sem og tónlistarunnendur,“ bætir hann við.

Vínartónleikarnir

Framundan eru Vínartónleikar í Hvoli á Hvolsvelli. Þar kemur fram 14 manna sinfónísk hljóms-

sveit ásamt Sigrúnu Hjálmtýsdóttur, Diddú, og Karla-kór Rangæinga sem er að koma fram í annað sinn með hljómsveitinni þó líftími hennar sé ekki orðinn langur. En það er sérlega ánægjulegt að rifja upp að sumarið 2021 kom hljómsveitin fram á Oddahátíð ásamt karla-kórnum, Kvinnakórnum Ljósbrá og Kammerkór Rangæinga auk Eyjólfss Eyjólfssonar tenórs.

Dívan Diddú

„Þetta verða ekta Vínartónleikar með tilheyrandi Kampavinsgalloppum og Straussvölsum og Diddú er auðvitað okkar draumadiva í þessu tónleikaprógrammi,“ segir Guðmundur Óli.

Enn meira framundan

Og þar með er hvergi slakað á og fleiri tónleikar eru framundan. Undirbúningur fyrir Páskatónleika í Selfoskirkju er langt kominn og þar mun hljómsveitin flytja Magnificat eftir John Rutter ásamt Kammerkór Norðurlands, Skagfirska kammerkórnum og Kirkjukór Selfoskirkju. Einsöngvarar á þeim tónleikum verða Helga Rós Indriðadóttir sópran og Gunnlaugur Bjarnason barítón.

Mikilvægt fyrir allt samfélagið

Guðmundur Óli segir að í huga þeirra sem standa að hljómsveitinni skipti miklu máli fyrir sérhvert samfélag að eiga öflugar menningarstofnanir sem auðga líf íbúanna og breyta ímynd svæðisins í víðara samhengi.

„Hún skiptir sköpum fyrir atvinnutónlistarfólk í landshlutanum, hún eflir starf tónlistarskólanna á svæðinu og hún hvetur til samstarfs fólks í öllum listgreinum.“

Miðasala á Vínartónleika Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands er á tix.is

Tónleikar á Móbergi

Það var gleðistund á Móbergi þann 13. desember 2022, en þá fóru þau Grétar Örvarsson og Ásta Soffía Þorgeirsdóttir í heimsókn á Móberg Selfossi og

léku jólalög í bland við annað, íbúum hjúkrunarheimilisins til mikillar ánægju.

Tónleikarnir voru í boði Vínafélags hjúkrunarheimilana

á Selfoss og fyrirtækisins Sets ehf/Röraframleiðsu ehf á Selfossi.



Um 600 próf þreytt í Fjölheimum

Lokapróf haustannar háskóla Log framhaldsskóla voru í fullum gangi í desemberbyrjun og var því mikið um að vera í stofum Fjölheima. Um 230 nemendur í um 600 prófum nýta sér þá þjónustu að taka próf í Fjölheimum sem Háskólafélagið hefur boðið uppá allt frá stofnun og er skiptingin um það bil 90% háskólanemar og 10% framhaldsskólanemar.

Ingibjörg Ásta Rúnarsdóttir

bar hitann og þungann af því gríðarlega skipulagi sem þarf til þess að svona verkefni gangi upp en auk þess koma inn tíma-bundnir starfsmenn í yfirsetu.

Þjónusta við nemendur hefur vaxið og dafnað með árunum en Háskólafélagið leggur allt kapp á að bjóða upp á gæða þjónustu og að Sunnlendingar geti stundað sitt nám og þreytt sín próf í heimabyggð.



Tækifæri til að hefja nám í menntastöðum

Kenntla í Menntastöðum hefst þann 5. janúar. Það er hægt að bæta við nýjum þátttakendum á vorönn. Þær námsgreinar sem verða kenndar á vorönnu eru tungumál; enska og danska, heimildavinna og stærðfræðiáfangi. Námsbrautin opnar leið inni undirbúningsdeildir háskólanna, s.s. Háskólans á Bifröst, HR eða Keilis. Einnig eru Menntastöðir tækifæri fyrir þá sem vantar bóklega áfanga í iðnnámi. Hægt er að sjá námskrá og nánari upplýsingar um námið hér og einnig er hægt að snúa sér til Eyðisar Kötlú, eydis@fraedslnet.is eða hringja í síma 560 2030.



DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.

Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 856 0656, dfs@dfs.is.

Auglýsingaeldi: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Oft í ferðum hafður hann, hemja líka brimrót kann. Bráðum litli ungin er, oní rifu sleginn hér.

Svar við gátu í blaði 2680: KALL

1. Lína: Kall og kerling eru handföng á orfi - 2. Lína: PrestaKall
3. Lína: HáKall - 4. Lína: Kal(l) í túni




kl. 20:00 7. JANÚAR
VÍNARTÓNLEIKAR 2023
FELAGSHEIMILIÐ HVOLL, HVOLSVELLI



blómaúal HÚSASMÍÐJAN

FYRIR ÞIG

ÚTSALA

Köttum niður verðið

Allt að **50%** afsláttur

LADY málning **30%** • Pottar og pönnur **30-50%** • NEO topplyklasett **30%** • Glös **30%**
 Avasco hillurekkar **20%** • Fischer Technik leikföng **70%** • Útivistafatnaður **25%** • Könnur **30%**
 Hnífapör **30%** • Bökunarvörur **30%** • Matarstell **30%** • Barnaöryggisvörur **20-50%**
 Hanskar **20%** • Vinnuföt **25%** • Regnföt **30%** • Fitnesslökk **30%** • Rafmagnsverkfæri **20%**
 Nilfisk háþrýstidælur **20%** • Handverkfæri **20%** • Stanley loftpressur **30%**
 Verkfæratöskur **30%** • Harðparket **25-50%** • Flísar **30-45%** • Jólakertastjakar **50%**
 Jólaljós **30-50%** • Jólaseríur **30%** • Ljósahús **50%** • Jólakertastjakar **50%** • Gervijólatré **50%**
 Jólakúlur **50%** • Jólakerti **50%** • Kerti **30%** • Jólastyttur **50%** • Servíettur **30%**
 Jólakúlur **30%** • Jólappapír og pakkabönd **50%** • Jólalengjur **50%** • Jólakransar **30%**
 Jólaskreytingaefni **30%** • Jólátrésdúkar **50%** • Aðventuljós **50%**

40-60%

AF ÖLLUM
JÓLAVÖRUM

20-50%

AF ÖLLUM MOTTUM

20-50%

AF ÖLLUM
SVEFNSÓFUM

20-50%

AF ÖLLUM
PÚÐUM

ÚTSALA

20-50%

AFSLÁTTUR

AF ÚTSÖLUVÖRUM

20-50%

AF ÖLLUM
BORÐSTOFUSTÓLUM

ILVA Selfossi, Austurvegur 69

ILVA

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLUSímatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

AI-Anon Selfossi

AI-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

AI-Anon

AI-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.AA Sporgöngufólk f. alla
BókasafnHafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF

SKRIFSTOFA
FEBSELverður lokuð um jól og
áramót. Opnum aftur
fim. 12. janúar 2023.

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122

Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHOLD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddy ehf.

Eyraveggi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf
skattskilÞjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

KIRKJUR

Selfosskirkja

Gamlársdagur 31. desember.
Guðsþjónusta kl. 17:00.

Stóra-Núpskirkja

Aftansöngur á gamlársdag, 31.
des. kl. 16.

Aðventistar

Bibliulexiur 31. desember kl. 11
og guðsþjónusta kl 12, með præ-
dikun hefur Eric Guðmundsson.
Verið velkomin. Guð gefi ykkur
öllum gleðilega hátíð.

BÍLAR

Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heclu-bíreiða og
almennar bílavíðgerðir.

Hjólástillingar

Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

Íbúakönnun, atvinnustefna í Uppsveitum

Nú stendur yfir vinna við
að móta sameiginlega at-
vinnumálastefnu sveitarfélag-
anna í Uppsveitum Árnassýslu;
Bláskógabyggð, Grímsnes- og
Grafningshreppi, Hrunamanna-
hreppi og Skeiða- og Gnúp-
verjahreppi.

Íbúum gefst tækifæri til að
taka þátt í að móta áherslur í
stefnunni með því að svara raf-
rænni könnun. Könnunin er
aðgengileg íbúum á vefsíðum
sveitarfélaganna fjögurra til
áramóta. Könnunin er nafnlaus
og órekjanleg. Íbúar eru hvattir
til að taka þátt, það tekur ekki
langan tíma.

Könnunin er aðgengileg á
<https://www.surveymonkey.com/r/atvinnumaluppsveita>.

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL



Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Samkvæmt 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar tillögur aðal- og deiliskipulagsbreytinga auk tillagna nýrra deiliskipulagsáætlana.

1. Lækjarholt 1 L231163; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting - 2208025

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 30. nóvember 2022 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Lækjarholts 1, L231163. Í gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 er skipulagssvæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Í breytingunni felst að hluta landspildunnar verði breytt í verslunar- og þjónustusvæði þar sem heimiluhúsið verði ferðaþjónusta.

2. Fjallaskálar í Flóa- og Skeiðamannafrétti og Gnúpverjafrétti; Aðalskipulagsbreyting - 2207018

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. desember 2022 að kynna tillögu vegna breytinga á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felur í sér breytingu á skipulagi fjallaskála á Flóa- og Skeiðamannafrétti og Gnúpverjafrétti. Flóa- og Skeiðamannafréttur telst vera milli Stóru-Laxár og Fossár að austanverðu og Gnúpverjafréttar milli Fossár og Þjórsár. Svæðið er allt innan skipulagssvæðis Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Skálarnir eru skilgreindir í gildandi aðalskipulagi sem afþreyingar- og ferðamannasvæði, um er að ræða skálasvæði og fjallasel: AF16 Klettur (L166522), AF17 Hallarmúli (L178699), AF18 Sultarfit (L179883), AF19 Skeiðamannafit (L179888), AF20 Gljúfurleit (L166705), AF21 Bjarnalækjarbotnar (L166706), AF22 Tjarnarver (L166707) og AF23 Setrið (L166521). Markmiðið með aðalskipulagsbreytingunni er að fjölga gistiþlásum í fjallaskálum í samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags. Settir eru skilmálar um mannvirki á hverju svæði fyrir sig, uppbyggingu þeirra og viðhaldi til framtíðar. Vatnsverndarsvæði skálanna eru sett inn á uppdrátt aðalskipulags og einnig er heimild veitt fyrir minniháttar efnistöku vegna úrbóta á aðkomuvegum.

3. Reykholt; Fljótsholt 5-8; Sameining lóða; Deiliskipulagsbreyting - 2205062

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 1. júní að kynna tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til lóða Fljótsholts 5-8 í Reykholti. Í breytingunni felst að fjórum einbýlishúsalóðum verði breytt í tvær lóðir fyrir raðhús. Raðhúsin yrðu á tveimur hæðum, hugmyndir um 5 litlar íbúðir á neðri hæð (um 28 m²) ásamt hjólageymslu og 3 íbúðum á efri hæð (um 60 m²). Gert er ráð fyrir að neðri hæðin gangi inn í brekkuna sunnan til í byggingarreitnum. Gerð er breytingu á uppdrátt deiliskipulagsins ásamt breytingum á skilmálum í greinargerð.

4. Skeiðamannafit L179888; Fjallasel; Deiliskipulag - 2205039

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. desember að kynna deiliskipulagstillögu sem tekur til fjallaselsins Skeiðamannafit á Flóa- og Skeiðamannafrétt. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining tveggja byggingarreita, áningarhólfis og vatnsbóls ásamt verndarsvæði umhverfis það.

5. Sultarfit L179883; Fjallasel; Deiliskipulag - 2205038

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. desember að kynna deiliskipulagstillögu sem tekur til fjallaselsins Sultarfits á Flóa- og Skeiðamannafrétt. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarreits, áningarhólfis og vatnsbóls ásamt verndarsvæði umhverfis það.

6. Hallarmúli L178699; Fjallasel; Deiliskipulag - 2205037

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. desember að kynna deiliskipulagstillögu sem tekur til fjallaselsins Hallarmúla á Flóa- og Skeiðamannafrétt. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarreits, áningarhólfis og vatnsbóls ásamt verndarsvæði umhverfis það.

7. Klettur L166522; Fjallasel; Deiliskipulag - 2205036

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. desember að kynna deiliskipulagstillögu sem tekur til fjallaselsins Kletts á Flóa- og Skeiðamannafrétt. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining tveggja byggingarreita, áningarhólfis og vatnsbóls ásamt verndarsvæði umhverfis það.

8. Setrið fjallasel; Flóa- og Skeiðamannafréttur; Deiliskipulag - 2202088

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. desember að kynna deiliskipulagstillögu sem tekur til fjallaselsins Setursins á Flóa- og Gnúpverjafrétt. Markmiðið með gerð þessa deiliskipulags er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarreits og vatnsbóls ásamt verndarsvæði umhverfis það.

9. Tjarnarver fjallasel; Gnúpverjafréttur; Deiliskipulag - 2202087

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. desember að kynna deiliskipulagstillögu sem tekur til fjallaselsins Tjarnarvers á Gnúpverjafrétt. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining tveggja byggingarreita, áningarhólfis og tillögu að fyrirhuguðu vatnsbóli.

10. Bjarnalækjarbotnar fjallasel; Gnúpverjafréttur; Deiliskipulag - 2202086

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. desember að kynna deiliskipulagstillögu sem tekur til fjallaselsins Bjarnalækjarbotna á Gnúpverjafrétt. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining tveggja byggingarreita og áningarhólfis.

11. Gljúfurleit skálasvæði; Gnúpverjafréttur; Deiliskipulag - 2202085

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. desember að kynna deiliskipulagstillögu sem tekur til skálasvæðisins Gljúfurleit á Gnúpverjafrétt. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining tveggja byggingarreita, áningarhólfis og vatnsbóls ásamt verndarsvæði umhverfis það.

Samkvæmt 41. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsbreytinga og nýrra deiliskipulagsáætlana :

12. Efsti-Dalur 2 L167631; Fjölgun lóða og stækkun byggingarreita; Deiliskipulagsbreyting - 2210093

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 25. nóvember 2022 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Efsta-Dals 2. Í breytingunni felst fjölgun lóða og stækkun byggingarreita auk þess sem breytingar eru gerðar á núverandi skipulagsskilmálum innan svæðisins.

13. Hróarsholt spilda F1; L197221; Íbúðarhús, gestahús, útihús; Deiliskipulag - 2210092

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 30. nóvember að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi sem tekur til lóðar Hróarsholts spildu F1, L197221. Í skipulags tillögunni felst heimild fyrir uppbyggingu íbúðarhúss, gestahúss og útihúss innan tveggja byggingarreita.

14. Þingdalur L166405; Deiliskipulag - 2210038

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 30. nóvember 2022 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags innan jarðar Þingdals, L166405. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir endurbótum eða endurbyggingu á núverandi íbúðarhúsi og útihúsum og eru þannig skilgreindir byggingarreitir utan um þau hús. Auk þess gerir skipulagið ráð fyrir byggingu hesthúss og reiðskemmu.

15. Úlfjótavatn L170830; Frístundabyggð; Skilgreining lóða og byggingarreita; Heildarendurskoðun deiliskipulags - 2202007

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. desember að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags vegna frístundabyggðar á landi Úlfjótavatns L170830. Í dag er í gildi deiliskipulag frístundabyggðar við Úlfjótavatn, dagsett 16.6.1993. Við gildistöku nýs skipulags fellur úr gildi eldra skipulag og uppdættir. Í nýrri skipulagstillögu eru 26 frístundahús og svo Úlfjótsskáli eða samtals 27 byggingar. Húsum fjölgar því um eitt en heimilað byggingarmagn innan svæðisins eykst í takt við uppfærðar byggingarheimildir.

16. Arnarstaðakot; Búgarðabyggð; Deiliskipulag - 2201058

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 15.12.2022 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til íbúðarbyggðar á landi Arnarstaðakots. Deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 23 íbúðarhúsalóðum að stærðinni frá 6.124 fm til 11.920 fm. Á þeim er heimilt að byggja íbúðarhús með geymslu/bilageymslu og eitt útihús, sem (sbr. aðalskipulag) getur haft mismunandi hlutverk s.s. fyrir búfé, gróður, heilsutengda þjónustu og ferðaþjónustu. Allt dýrahald er leyfilegt innan skipulagsins en skal vera afgirt innan lóðar/spildu eða í taumi utan lóðar/spildu. Deiliskipulagið er í takt við tillögu aðalskipulagsbreytingar sem er í vinnslu og tekur til skilgreiningu nýrra íbúðarsvæða innan aðalskipulags Flóahrepps.

17. Syðri-Gegnishólar L165499; Deiliskipulag - 2109091

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 30.11.2022 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags að Syðri-Gegnishólum. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir tveim lóðum, báðar með einum byggingarreit. Innan hvors byggingarreitar fyrir sig er gert ráð fyrir að heimilt verði að byggja allt að 300 fm íbúðarhús ásamt sambyggðum eða aðskildum bílskúr.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna, www.asahreppur.is www.blaskogabyggd.is, www.floahreppur.is, www.gogg.is og www.skeidgnup.is.

Mál nr. 1-11 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 29. desember 2022 til og með 20. janúar 2023.

Mál nr. 12-17 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 29. desember 2022 með athugasemdafrest til og með 10. febrúar 2023.

Athugasemdam og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is

Vígús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi UTU

Hátíðleg brautskráning hjá Fjölbrautaskóla Suðurlands



Dúxinn Guðmunda Þórunn Þorvarðardóttir ásamt Olgu Lísu Garðarsdóttur skólameistara og Sigursveini Sigurðssyni aðstoðarskólameistara. Mynd: FSU

Alls brautskráðust 34 nemendur frá Fjölbrautaskóla Suðurlands miðvikudaginn 21. desember. Flestir luku námi af opinni stúdentspróflínu eða 22 en aðrir dreifðust nokkuð jafnt á milli náttúrugreina, félagsgreina, íþróttar, listsköpunar, hesta- brautar, húsmiði, rafvirkjunar og vélvirkjunar. Meðlimir úr nýendurvöktum kór skólans fluttu jólalagið Yfir fannhvíta jörð undir stjórn Stefáns Þorleifssonar. Formaður skólaneftdar Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir flutti ræðu og afhenti viðurkenningar ásamt Veru Ósk Valgarðsdóttur formanni hollvarða skólans. Ræðu nýstúdents hélt Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson.

Viðurkenningar voru veittar fyrir góðan árangur í einstökum fögum – bæði bóklegum og verklegum en einnig fyrir vel unnin félagsstörf í þágu nemenda skólans, sköpunarkraft í námi og dugnað, hvetjandi og jákvætt viðhorf til umhverfisins, ástundun og þrautseigju – svo nokkuð sé nefnt. Bestum heildarárangri náði heiðurskonan

Guðmunda Þórunn Þorvarðardóttir og telst hún því vera DÚX Fjölbrautaskóla Suðurlands á haustönn 2022. Innilega til hamingju Guðmunda Þórunn.

Í lokaræðu sinni við útskriftina lagði skólameistari Olga Lísa Garðarsdóttir út frá mörgum álitamálum í nútímanum eins og umhverfisvernd og sjálfbærni og mikilvægi þess að draga úr neyslu og nýta betur það sem við kaupum. Að framtíðin skipti máli og að við

þyrftum öll að leggjast á árar og gæta hennar og rækta. Þróun samfélagsins væri svo hröð með gervigreind og annarri tækniþróun – en mannhugurinn væri það öflugur og fjölbreyttur að við myndum ráða við hana.

Hún hvatti nemendur til upp- götvana og nýsköpunar – að örva hugsun sína og og hanna nýjar lausnir til betri heims. Hún sagði frá stærsta verkefni skólans á þessari önn en það er að taka undir sinn hatt nám í garðyrkju sem fram fer að Reykjum í Ölfusi. Stækkun skólans var töluverð og ber því einungis að fagna. Hvatningarorð skólameistara (sem hún beindi til nemenda) um mikilvægi heilbrigðra lífshátta skulu gerð að lokaorðum þessarar fréttar með ósk um gleðileg jól og farsældar á komandi árum:

„Þið hafið sýnt seiglu með því að ljúka námi ykkar, takast á við ýmiskonar hindranir í lífinu. Til þess að við gefumst ekki upp þurfum við líka að hlúa að grunn- gildum okkar, hlusta á innri þarfir sem við öll höfum, þörfina fyrir góða næringu, gefa okkur færi til nægrar hreyfingar og mikilvægi góðs nætur- svefnis.“

JÖZ



Útskriftarhópurinn. Mynd: FSU

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - Sími 464 9400 - WWW.FROST.IS

BRACAF VINÁTTU!
Fæst hjá **BYKO** Selfossi

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápa- og viðgerðir - Almennar raflagnir

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Er eitthvað að fréttu?
Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

TAXI SELFOSSI
482-3800

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

Hjólbarðapjónusta
Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Far sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Lagnapjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HREINSITÆKNI
Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun
Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
534 9600
www.heyrn.is

Pípulagnir Júlla
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is

FYLGDI
Útfarapjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolin.is